

Hverfisráð Árbæjar

Ár 2017, þriðjudaginn 5. desember var haldinn 140. fundur hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar, Hraunbæ 115 og hófst hann kl.1.15. Viðstödd voru: Þorkell Heiðarsson, Hildur Hrönn Oddsdóttir, Þráinn Árni Baldvinsson og Alda María Magnúsdóttir. Einnig voru viðstödd: Arna Hrönn Aradóttir fulltrúi íbúasamtaka Norðlingaholts, Elvar Örn Þórisson fulltrúi íbúasamtaka Árbæjar og Sólveig Reynisdóttir framkvæmdastjóri ÞÁG. Fundarritari var Trausti Jónsson verkefnastjóri ÞÁG.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 1. nóvember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn hverfisráðs Árbæjar um tillögu um stofnun hverfissjóðs

Hverfisráð Árbæjar leggur fram svohljóðandi umsögn:

Hverfisráð Árbæjar fagnar fyrirhugaðri stofnun Hverfissjóðs. Nauðsyn er að koma á fót sjóði sem styrkir framtak íbúa, einstaklinga og félagasamtaka í einstökum hverfum og að hverfisráð komi að úthlutun úr slíkum sjóði. Úthlutunarreglur sjóðsins ætti að taka mið af þörfum íbúa og grasrótarhópa innan hverfa almennt. Í því sambandi má nefna reglu í fyrri hverfissjóði sem kom í veg fyrir að sótt væri um styrk í sama verkefni oft en einu sinni. Í flestum hverfum er lögð áhersla á að byggja upp hefðir eins og hverfishátíðir íbúasamtaka meðfram öðrum einskíptis verkefnum. Þessi regla kemur í veg fyrir uppbyggingu slíkra hefða. Mikilvægt er að treysta hverfisráðunum í þessu samhengi en þau eru vel til þess fallin að meta hvaða þarfir eru til staðar í borgarhverfum hverju sinni og hvað skynsamlegt er að leggja áherslu á þegar félagsauður hverfanna er annars vegar. Loks er mikilvægt og sjálfsagt að fjármagn það sem hvert hverfisráð hefur yfir að ráða í gegnum sjóðinn taki að einhverju leyti mið af íbúafjölda hverfisins.

2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 13. nóvember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn hverfisráðsins um tillögu að breyttri skipan í hverfisráð
Frestað.
3. Fram fer umræða um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.
Frestað.
4. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 1. september 2017, þar sem tilkynnt er að Hörður Gunnarsson taki sæti sem áheyrnarfulltrúi í hverfisráði Árbæjar í stað Guðbjargar Sveinbjörnsdóttur.
5. Lögð er fram styrkbeiðni um þróunarverkefnið „heildstætt nám í hlutverki“.
Synjað.
6. Lögð fram styrkbeiðni Fylkis fyrir áramótabrennu.
Samþykkt að veita styrk að upphæð 100.000. kr.
7. Lögð fram styrkbeiðni Hjólakrafts fyrir verkefnið Lýðheilsuverkefni í Norðlingaskóla.
Frestað.
8. Lögð fram styrkbeiðni tónlistarfélags Árbæjar.
Samþykkt að veita styrk að upphæð 100.000 kr.

9. Lögð fram styrkbeiðni unglunga í Árbæ til rekstrar á útvarpsstöð í Árseli. Samþykkt að veita styrk að upphæð 65.000 kr.
10. Fram fer umræða um hverfið mitt 2017.
11. Fram fer umræða um umgengni við grendargámana í hverfinu.
12. Fram fer umræða um hættu sem myndast við það hvernig bílum er lagt í einni bendu við hringtorgið við Búðatorg.
13. Fram fer umræða um öryggismál í sleðabrekkunni í Selás sem þarf að endurskoða vegna staurs sem stendur í miðri brekku og veldur stórhættu.

Fundi slitið kl. 18.00

Porkell Heiðarsson

Hildur Hrönn Oddsdóttir
Alda María Magnúsdóttir

Þráinn Árni Baldvinsson